

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 55/1960. **Ingolf Petersen**
 gegn
Hjördísi Davíðsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1960.

Nr. 184/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
 gegn
Markúsi B. Þorgeirssyni
 (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skip-

rúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör“. Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrir-mæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlzt skaðabótakröfu á hendur stefnda, að fjárhæð kr. 6000.00, sem koma eigi til skulda-jafnaðar við kröfu stefnda. Skaðabótakrafa þessi er van-reifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu, hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niður-stöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardag 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafn-

arfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 3. júní 1958, af Markúsi Þorgeirssyni sjómanni, Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 10.066.83 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá er og krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar stefnukröfum.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist greiðslu á kr. 10.066.83, að frádregnum kr. 2918.80 greitt í peningum og fæði, og er dómkrafa þá kr. 7148.03 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda var aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara kr. 6000.00 til skuldajafnaðar á dómkröfu stefnanda vegna brotthlaups úr skiprúmi.

Málavextir eru þessir:

Þann 5. marz 1958 réðst stefnandi sem háseti á v/b Nönnu, GK 504, eign stefnda, sem var á handfæraveiðum til 9. apríl s. á., og nam aflahlutur hans, að því er stefnandi upplýsir, kr. 13.857.03. Auk þessa telur stefnandi sig hafa unnið að standsetningu og undirbúningi bátsins fyrir vertíð, og eigi hann inni kaup fyrir það, kr. 2709.80. Upp í þetta hefur stefnandi fengið kr. 6500.00, og verða þá eftirstöðvar kr. 10.066.80, eins og stefnukrafa er, en hér frá dregst vegna fæðis og úttektar kr. 2918.80, og er þá endanleg dómkrafa stefnanda kr. 7148.03.

Í málinu hefur orðið ágreiningur um það, hvaða verð skuli reikna á fiskinn. Stefnandi hefur krafizt að fá það verð, sem á sama tíma hefur verið greitt á Reykjanesi og Snæfellsnesi, og lagt fram upplýsingar um það. Þykir, eins og á stendur, rétt að miða við það.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust úr skiprúmi og skaðað útgerðina um stórfé, þar sem hætta varð róðrum. Ekki liggja fyrir fullnægjandi sönnur í þessu efni, og verður það því ekki tekið til greina.

Þá hefur verið mótmælt vinnu stefnandans, hann hafi ekki

unnið svo lengi sem hann telur. Hefur verið lögð fram sundurliðun yfir vinnu þessa, og verður það að telja fullægjandi gegn almennum mótmælum stefnda.

Með vísun til framanritaðs ber því að taka til greina kröfur stefnanda, eins og þær eru við munnlegan flutning málsins, og ber einnig að taka til greina kröfu hans um staðfestingu sjóveðréttar í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1600.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dagbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Markúsi Þorgeirssyni, kr. 7148.03 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandinn sjóveðrétt í v/b Nönnu, GK 504, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 3. júní 1960.

Nr. 26/1960. **Bergljót Pálsdóttir Ólafsson**

gegn

Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni persónulega og fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Ragnari Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Höfundaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. febrúar 1960 og hingað kominni 25. s. m. hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávisunardómi, sem upp var kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 5. febrúar 1960 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Ákveðinn var munnlegur flutningur á kærumáli þessu, og fór hann fram 1. júní 1960.